


Innskráning í Smástund

Smástund er nýtt app/smáforrit sem hannað er fyrir sjálfsþjónustu Vinnustundar.

Appið er enn í vinnslu og verður bætt við virkni þess á næstu mánuðum.

Sækja þarf appið í App store eða Play store. Til að skrá sig inn í appið þarf að opna sjálfsþjónustu Vinnustundar og skanna þar QR kóða eða slá inn númerið ásamt aðgangsupplýsingunum sem notaðar eru við innskráningu í Vinnustund (Orra hjá ríkisstofnunum).

Upplýsingar um Smástund í sjálfsþjónustu Vinnustundar:



Þegar Smástundar appið er opnað birtist upphafsskjár þar sem tengja þarf appið við Vinnustundaruppsetningu með því að nota upplýsingarnar úr sjálfsþjónustunni:

← **Tengja** IS

uppsetningu

Skráðu þig með QR kóða
eða einkennisnúmeri úr
Vinnustund

Opnaðu sjálfsþjónustu í
Vinnustund og farðu í flípa sem
heitir Smástund. Skannaðu svo
QR kóðann eða stimplaðu inn
einkennisnúmerið.

 Skanna QR

— eða —

Einkennisnúmer fyrirtækis eða stofnunar


Ábendingar varðandi virkni í Smástundar appinu má senda á netfangið smastund@advania.is

Athugið að ekki er víst að öllum ábendingum verði svarað en okkur þætti vænt um að heyra frá ykkur með það sem betur má fara svo við getum breytt og bætt Smástundina.

Stimplun í Smástund

Þar sem opið er fyrir sjálfþjónustustimplun í Vinnustund, þá birtist stimplunarflis á yfirlitsmyndinni í Smástund.

Smellt er á hnappinn Stimpla inn og stimplun er svo staðfest




Það sama gildir um stimplun í Smástund eins og með stimplun úr öðrum klukkum eða tækjum, það getur tekið allt að 5 mínútur fyrir stimplun að berast inn í tímamynd.

Innskráning í Smástund virkar ekki

Ef innskráning í Smástund virkar ekki nægir yfirléitt að endurstilla appið.

Það er hægt að endurstilla appið á þrjá vegu



1. Í innskráningarsíðu: Smella á þrjá punkta efst til hægri og velja "Endurstilla app"
2. Í innskráningarsíðu: Reyna innskráningu þrisvar sinnum, í þriðja skiptið sem það klikkar þá er valmöguleiki um að endurstilla appið í villuskilaboðum
3. Inni í appinu: Fara í Stillingar -> Um appið -> Endurstilla app




Einfalt er að breyta skráningum í smástundar

Appinu. Smellt er á „Tímar“

Þá opnast valmyndin og smellt er á pennann uppi í hægra horni til að breyta núverandi skráningum



Ef bæta þarf við tímum á dag þar sem nú þegar er stimplun er smeltt á „+ Skrá tíma“. Þá opnast autt form sem hægt er að fylla inn nýja tímafærslu. Valin er fjarvist þegar það á við.



Ef skrá á fyrir líðandi dag, þá er smeltt á bláa plúsinn neðst á myndinni.